



Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fjölda heimilislausra árið 2022

Þann 10. mars 2022 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram í borgarráði svohljóðandi fyrirspurn um fjölda heimilislausra árið 2022:

Fulltrúi Flokks fólksins spyr um fjölda heimilislausra nú í kjölfar þess að Covid er á undanhaldi? Fyrir liggja upplýsingar um að árið 2021 voru 301 heimilislausir í Reykjavík þar af 54% í húsnæði (getur verið sjúkrahús, fangelsi, áfangaheimili), 3% á víðavangi og 31% í reglubundinni neyðargistingu. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um stöðuna nú í lok tveggja ára heimsfaraldurs? Óskað er eftir upplýsingum um skiptingu kynja, og hvað stór hluti er með erlent ríkisfang. Einnig í hvaða aldurshópi eru flestir heimilislausir. Loks er spurt um hvernig brugðist var við niðurstöðum könnunar um heimilisleysi árið 2021 en þá voru rúmlega 300 manns heimilislausir.

Fyrirspurninni var vísað til meðferðar velferðarráðs með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 16. mars 2022.

Svar:

Á fundi velferðarráðs þann 8. desember 2021 var kynnt úttekt á stöðu hóps einstaklinga sem var heimilislaus í þjónustu velferðarsviðs 1. október 2021.

Alls var 301 einstaklingur heimilislaus, 214 karlar (71%) og 87 konur (29%). Um 89% hópsins er með íslenskt ríkisfang og 11% með erlent ríkisfang. Flestir eru á aldrinum 30-41 árs eða 87 (29%).

Ekki liggja fyrir nýrri upplýsingar um stöðu hópsins en unnið er að árstölfræði velferðarsviðs um þessar mundir og þar verður tekin saman lykiltölfræði fyrir hóp heimilislausra fyrir árið 2021. Er áætlað að þeirri vinnu verði lokið í síðasta lagi í maí n.k. Ekki eru taldar líkur á að staða hópsins hafi breyst mikið frá október 2021 til mars 2022.

Nú stendur yfir endurskoðun á aðgerðaáætlun sem fylgdi stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarir undir forystu formanns velferðarráðs. Í þeirri vinnu verður horft til niðurstöðu umræddrar könnunar.